

Það hefur komið fram í málinu, enda ekki véfengt af gerðarbeiðanda, að I. O. G. T. hér á landi sé eigandi Bókabúðar Æskunnar. En enda þótt svo sé, verður rétturinn að líta svo á, að þó að sá félagsskapur sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt c-lið 2. kafla 6. gr. útsvarslaganna, þá leiði ekki eo ipso af því, að fyrirtæki það, sem Góðtemplarareglan rekur og í þessu tilfelli Bókabúð Æskunnar, séu undanþegin útsvarsskyldu yfirleitt. Lítur rétturinn svo á, að til þess að svo megi verða, verði starfsemi sú, sem um ræðir, að vera innan og í eðlilegu samræmi við eðlilegt starfssvið viðkomandi félagsskapar. Bókaverzlun er hins vegar almennur atvinnurekstur, sem hvaða félag eða einstaklingur, sem er, getur rekið og rekur, en miðar ekki í eðli sínu sérstaklega til mannúðar- eða menningar í því tilfelli, sem hér um ræðir, fremur en sagt verður um aðrar bókaverzlanir, sem reknar eru í landinu. Því verður ekki séð, að fyrir liggi næg rök til þess, að fallið verði á, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt áðurnefndum ákvæðum útsvarslaganna. Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 6. desember 1946.

Nr. 128/1946. Réttvísir og valdstjórnir

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Þorvaldi Jónassyni (Hrl. Sigurður Ólason).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot gegn 219. og 245. gr. laga nr. 19/1940 og brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum, áfengislögum og lög-reglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Taka ákærða á oliutunnum og brúsum hinn 1. maí þ. á. varðar við 245. gr. laga nr. 19/1940. Að öðru leyti eru brot ákærða rétt færð til refsíákvæða. Með hliðsjón af 72. gr.

hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi 2 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einar Arnórssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 4. júlí 1946.

Ár 1946, fimmtudaginn 4. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu, Skólavörðustíg 9, af Bergi Jónssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2197/1946: Réttvisin og valdstjórnin gegn Þorvaldi Jónassyni, sem tekið var til dóms 21. júní s. l.

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Jónassyni bifreiðarstjóra, Hátúni 9, til refsingar, ökuleyfissviptingar og greiðslu sakarkostnaðar fyrir brot gegn 12., 23. og 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23. 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. október 1906 að Hlíð í Kirkjuhvammshreppi í Húnavatnssýslu, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1924 ²³/₄ Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 250. gr. hegningarlaganna frá 1869.
- 1926 ¹⁶/₆ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3 × 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna frá 1869.
- 1931 ²⁷/₆ Sátt í Reykjavík, 20 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

- 1931 $1\frac{1}{2}\%$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 125 kr. sekt og sviptur bílstjóraréttindum í 6 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.
- 1932 $\%$ Sátt í Reykjavík, 600 kr. sekt fyrir ólöglega áfengissölu.
- 1935 $1\frac{1}{10}\%$ Dómur í Hafnarfirði, 90 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi, 20 kr. skaðabætur og sviptur ökuskirteini ævi-
langt fyrir brot gegn 231. gr., 4. lið, hegningarlaganna, sbr.
8. gr. laga nr. 51 1928, 4. og 5. gr. laga nr. 70 1931, sbr. 21.
gr. laga nr. 33 1935.
- 1936 $\%$ Dómur í Hafnarfirði, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr.
sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 1935. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{12}$ 1936.
- 1938 $2\frac{1}{2}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs betrunarhússvinna
fyrir brot gegn 271. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna frá
1869.
- 1944 $2\frac{1}{2}\%$ Dómur sama réttar, 2 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti
og kjörgengi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaganna og
húsaleigulögunum. Staðfest í hæstarétti $1\frac{1}{2}$ 1945.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

I.

Fimmtudaginn 28. marz s. l., skömmu fyrir hádegi, ók ákærði bifreiðinni R 3174, sem er herflutningabifreið með 10 hjólum, héðan úr bænum áleiðis upp að Eyri í Kjós, en með honum var Sveinn Jónsson, verkamaður, Miðtúni 50, og hafði hann meðferðis eina flösku af sherry og eina flösku af brennivíni. Komu þeir við í sumarbústað í Blesugróf við Elliðaár, sem Sveinn var að hugsa um að kaupa, og dvöldust þar um $\frac{1}{2}$ klukkustund. Tók Sveinn þarna upp sherryflöskuna og saup duglega á henni og segir ákærða einnig hafa sopið lítillega á víninu. Í fyrstu neitaði ákærði því eindregið að hafa bragðað áfengi í för þessari, en í réttarhaldi 6. maí s. l. viðurkenndi hann loks að hafa dreypt á áfengi, meðan þeir dvöldust í Blesugróf, áður en þeir fóru þaðan upp að Eyri. Báðir hafa þeir borið, að ákærði hafi ekki neytt áfengis á leiðinni þangað upp eftir. Þar í fjörunni mokuðu þeir um $5\frac{1}{2}$ tonni af mól á bifreiðina, og telur ákærði, að þeir hafi lokið við verk þetta um kl. 4 til 4,30 um eftirmiðdaginn og þá ekið áleiðis til bæjarins. Sveinn Jónsson segir þá báða hafa neytt áfengis, er þeir voru staddir í fjörunni og höfðu lokið við malarmoksturinn. Kveðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa, en ekki merkt vín á ákærða, enda drakk Sveinn meira og hafði ekki neytt matar frekar en ákærði. Hefur ákærði neitað því mjög eindregið að hafa bragðað á áfenginu nema hjá Blesugróf. Kveður hann Svein reyndar hafa rétt sér flöskuna þarna, er hann var sjálfur búinn að súpa á henni og skrífa tappann á hana,

en segist aðeins hafa borið hana upp að vörum sér, en ekki skrúfað tappann af.

Er ákærði hafði ekið bifreiðinni úr fjörunni og upp á veginn, kveðst hann hafa stöðvað hana til að kæla vél hennar. Hafi Sveinn þá tekið upp brennivinsflöskuna og helt megninu af innihaldi hennar á sherryflöskuna, en lítið var orðið eftir í henni, hafi ákærði svo kastað brennivinsflöskunni, enda hafði það, sem var eftir í henni, helzt niður, en Sveinn svo drukkið niður í hálfa flöskuna með vínblöndunni í. Ekki kveðst Sveinn minnast þess, en treystir sér þó eigi til að véfengja það, og minnir, að ekið hafi verið viðstöðulaust niður fyrir Elliðaár. Báðum ber þeim saman um, að hvorki hafi verið stanzað á leiðinni niður fyrir Elliðaár, þar sem bifreiðin valt út af veginum, eins og síðar greinir, né heldur, að ákærði hafi þá neytt áfengis.

Segir eigi af ferðum ákærða fyrr en hann var á leið eftir þjóðveginum á móts við Korpúlfsstaði í Mosfellssveit. Þar kveður hann vörubifreið með farþegaskýli hafa verið ekið fram hjá bifreið sinni og hann síðar ekið fram hjá henni hjá Grafarholti, en vörubifreið þessari svo ekið aftur fram hjá bifreiðinni R 3174 nokkru þar fyrir neðan. Í brekkunni fyrir ofan Elliðaár ók ákærði svo enn fram með vörubifreiðinni, er hann segir hafa verið ekið vel út á vinstri vegarbrún og frekar hægt, eða á um 20 km hraða, miðað við klukkustund. Rétt áður hafi hann verið búinn að mæta fólksflutningabifreið, en hennar vegna hafi verið auðvelt að komast fram með vörubifreiðinni. Ók hann svo niður brekkuna og yfir brýrnar á Elliðaánum, en skömmu eftir að hann kom yfir þær, valt bifreið hans á hliðina hægra megin út af veginum, þar sem hann segir, að vegarkanturinn hafi sprungið undan þunga bifreiðarinnar, en hann hafi þurft að aka fram hjá tveimur bifreiðum, er stóðu samhliða á veginum. Síðar hefur hann fallið frá þessu og kveður það muni vera rétt, að bifreiðarnar hafi ekki staðið samhliða á veginum, heldur hafi þær báðar staðið þar vinstra megin (sunnan til).

Valdimar Sveinbjörn Stefánsson bifreiðarstjóri, Leifsgötu 11, 49 ára að aldri, skýrir svo frá málavöxtum, að fimmtudaginn 28. marz s. l. hafi hann verið í vinnu með vörubifreið sína R 1042 uppi hjá Reykjum í Mosfellssveit. Að lokinni vinnu lét hann farþegaskýli á vörupall bifreiðarinnar, þar eð hann flytur verkamenn, sem þarna vinna, til og frá vinnu. Kveðst hann hafa lagt af stað áleiðis til bæjarins um klukkan 4,40 um eftirmiðdaginn. Voru átta menn í farþegaskýlinu, en sá 9. sat við hlið Valdimars í stýrishúsinu. Á móts við Lágafell í Mosfellssveit ætlaði hann að aka fram hjá bifreiðinni R 3174, sem hann kveður hafa verið ekið mjög hægt, um 25 til 27 km hraða, miðað við klst., skrykkjótt og hlykkjótt eftir veginum. Gaf hann margsinnis hljóðmerki, en bifreiðinni R 3174 var ekki vikið nægilega út í vinstri vegarkant fyrr en hjá af-

leggjaranum niður að Korpúlfsstöðum, og ók hann þar fram hjá henni. Kveðst hann hafa tekið eftir því, að ákærði og Sveinn Jónsson hafi verið í djúpum samræðum, og hafi hann því grunað, að þeir væru ölvaðir, og segist hafa haft orð á því við Jón Jónsson, er sat við hlið hans í stýrishúsinu. Hjá Grafarholti stöðvaði Valdimar bifreið sína til að hleypa einum farþeganna út úr farþegaskýlinu og kveður bifreiðinni R 3174 þá hafa verið ekið á geysimiklum hraða, um 70 til 80 km, miðað við klukkustund, fram hjá bifreið sinni. Segir hann veginn hafa verið rakan og pollóttan og hann hafa tætt undan bifreiðinni R 3174. Góðan spöl fyrir neðan Grafarholt hafi hann svo aftur ekið fram hjá bifreiðinni R 3174, en þá hafi henni verið ekið hægt eftir vinstri vegarhelmingi og auðvelt hafi verið að komast fram hjá henni. Skömmu áður en Valdimar ók niður brekkuna fyrir ofan Elliðaár, kveðst hann hafa sett vél bifreiðar sinnar í 3. gir, en hún er fjörgiruð, og ekið niður eftir brekkunni á um 35 km hraða, miðað við klukkustund, og alveg úti í vinstri vegarkanti, enda hafi hann mætt bifreið efst í brekkunni. Rétt eftir að hann hafði lokið við það, hafi bifreiðinni R 3174 verið ekið geysihratt fram með R 1042, og hafi vörupallur R 3174 slegið í bifreið hans, en síðar hafi fremra afturhjól vinstra megin á R 3174 krækzt í hægri framhjól R 1042 og hún dregið þannig góðan spöl niður brekkuna, en losnað síðar, er vinstri hjólin voru komin út fyrir veginn. Hafi bifreið hans svo farið út af veginum, þar sem hæst er niður af honum, eða um 7 metrar, og oltið á hliðina. Valdimar Sveinbjörn kveðst ekkert hafa meiðzt, svo að teljandi sé, en farþegar hans slösuðust allir meira og minna, eins og síðar verður frá skýrt, og miklar skemmdir urðu á bifreiðinni.

Strax eftir að slysið skeði, fór Valdimar að rafstöðinni við Elliðaár og símaði þaðan á slökkvistöðina og bað um sjúkrabifreiðar og lækni. Hringdi hann því næst á lögreglustöðina og skýrði frá slysinu, og komu fljótlega sjúkrabifreiðar og lögregluþjónar að slysstaðnum.

Vitnið Kristinn Ólafsson, Reynisvatni, 13 ára að aldri, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið á leið heim til sin fimmtudaginn 28. marz s. l., er bifreiðin R 1042 valt út af veginum í brekkunni fyrir ofan Elliðaár. Kveðst það hafa verið statt ofarlega í brekkunni og séð, hvar bifreiðinni R 1042 hafi verið ekið hægt, vel vinstra megin á akbrautinni, áleiðis til Reykjavíkur, er R 3174 var ekið mjög hratt utan í hægri hlið hennar, svo að hún fór út af veginum, þar sem hæst er niður af honum.

Er bifreiðin R 1042 fór út af veginum, eins og að framan greinir, voru 7 farþegar í farþegaskýlinu, verkamennirnir Þorgeir Þorkelsson, 17 ára, og Björn Þorkelsson, 20 ára, báðir til heimilis að Litlu Grund í Sogamýri, Haukur Nielsson, Bragagötu 26 A, 24 ára að aldri, Ingi Jónsson, Freyjugötu 8, 24 ára, Einar Hjaltason, skála 35

á Skólavörðuholti, 17 ára, Ingimar Jónsson, Gunnarsbraut 34, 60 ára, og Erling Valdimarsson, Leifsgötu 11, 16 ára, en í stýrishúsinu hjá Valdimar Sveinbirni sat Jón Jónsson, Grettisgötu 36, 63 ára.

Ingimar Jónsson kveðst eigi hafa veitt umferðinni nokkra at-
hygli og hefur því ekkert getað borið um akstursmáta ákærða, en
segist þó hafa orðið þess greinilega var, að bifreiðin R 1042 varð
fyrir árekstri. Allir segja hinir farþegarnir, að bifreiðinni R 3174
hafi verið ekið hægt, en mjög slögótt, ýmist eftir vinstri eða hægri
vegarhelmingi, á móts við Korpúlfsstaði, en mjög hratt hjá Grafar-
holti og fram með bifreiðinni R 1042. Telja þeir Haukur, Björn og
Einar hraða R 3174 hjá Grafarholti hafa verið allt frá 50 til 65 km,
miðað við klukkustund, en Jón Jónsson kveðst ekki minnst þess
að hafa séð bifreið ekið svo hratt. Björn Þorkelsson gizkar á, að
hraði bifreiðarinnar R 3174 hafi verið um 60 til 65 km, miðað við
klukkustund, þegar henni var ekið fram með bifreið Valdimars, en
Erling telur hraða hennar þá hafa verið um 70 til 80 km, miðað
við klukkustund. Þá hafa þeir Haukur, Björn, Ingi og Einar Hjalta-
son borið, að orð hafi fallið í þá átt í farþegaskýlinu, að eftir akst-
ursmáta ákærða að dæma, myndi hann vera ölvaður, en hinir far-
þegarnir minnst þess eigi, að á þetta hafi verið dregið.

Ákærði kveðst ekki hafa heyrt, að hljóðmerki væri gefið frá bif-
reið Valdimars, áður en henni var ekið fram hjá bifreið hans á móts
við Korpúlfsstaði, en í henni sé mikið skrölt og því erfitt að heyra
til annarra bifreiða, og hafi hann ekið hlykkjótt og skrykkjótt eftir
veginum, þá hafi það verið gert til að sneiða hjá holum, enda sé það
venja sin að aka ýmist eftir vinstri eða hægri brautarhelmingi, eftir
því hvoru megin sléttara sé. Framburður ákærða, hvað hraða bif-
reiðarinnar snertir, hefur verið mjög á reiki og lítið á honum byggj-
andi, enda virðist honum eigi hafa verið ljóst, hvort hraðamælir
bifreiðarinnar sýndi hraðann í kílómetrum eða mílum, en samkvæmt
vottorði skoðunarmanna mælist hraðinn í mílum. Kveður ákærði
eigi mögulegt að aka bifreiðinni yfir 40 km eða 40 mílur, miðað við
klukkustund, þar sem lás á benzínumpu bifreiðarinnar loki fyrir
benzínrennslið, þegar komið er á þenna hraða. Þá segir hann
vél bifreiðarinnar hafa unnið fremur illa þenna dag vegna ólags í
rafkerfi hennar. Eftir margvíslegar breytingar á framburði sínum
kveðst ákærði muni hafa ekið á 65 km hraða, miðað við klukku-
stund, niður brekkuna hjá Grafarholti, en að bifreiðin hafi ekki
getað verið komin yfir 30 mílna hraða, miðað við klukkustund,
er hann ók fram með bifreiðinni R 1042 í brekkunni fyrir ofan
Ellidaár, en svo hafi hraðinn aukizt niður brekkuna, og hann síðan
dregið úr honum milli brúnna á Elliðaánum og hafi hann þá verið
45 km, miðað við klst., en mælirinn hafi sýnt 35. Er ákærði ætlaði
að aka fram fyrir vörubifreiðarnar, þar sem bifreið hans valt á

hliðina, kveðst hann hafa ekið á um 30 km hraða, miðað við klukkustund, og hafi hann verið nýbúinn að skipta í 3. gir.

Sveinn Jónsson kveður ákærða hafa ekið ýmist áberandi hægt eða hratt, og er hann ók fram með bifreiðinni R 1042, hafi hann ekið nokkuð hratt og mjög hratt niður í brekkunni og þar til bifreiðin valt á hliðina, en ekki kveðst Sveinn hafa orðið var við, að bifreiðin R 3174 hafi rekizt utan í R 1042, og hún oltið á hliðina út af veginum. Einnig hefur ákærði eindregið neitað því að hafa vitað til þessa.

Um það leyti sem bifreiðin R 1042 fór út af veginum, var Magnús Júlíus Magnússon bifreiðarstjóri, Rauðarárstíg 13, 49 ára að aldri, á leið til bæjarins frá sandgryfjunum við Elliðaárvog í vörubifreið sinni R 1333. Aftan á palli bifreiðarinnar voru Sigurður Norðmann Júlíusson verkamaður, Vesturgötu 5, 27 ára að aldri, Kjartan Guðjónsson sjómaður, Egilsgötu 12, 38 ára að aldri, og Hilmar Steinhórnsson verkamaður, Laugavegi 160, 17 ára. Öll þessi vitni hafa staðfest framburði sína með eiði og skýra svo frá málavöxtum, að Sigurður Norðmann hafi séð, er bifreiðin R 1042 var að velta út af veginum, og hafi R 3174 verið þar nokkuð neðar í brekkunni á mjög miklum hraða. Gerði hann nú Magnúsi Júlíusi viðvart, en hann stöðvaði þegar í stað bifreið sína úti á vinstri brún vegarins. Í þessu var vörubifreiðinni R 1939 ekið þarna fram hjá, og einnig stöðvuð vinstra megin á veginum fyrir framan R 1333, en á sama tíma hafi ákærði ætlað að aka bifreiðinni R 3174 þarna fram hjá, en við þetta hafi hún oltið á hliðina út af veginum. Þeir Siðurður Norðmann, Kjartan og Magnús Júlíus kveðast hafa fundið vinlykt úr vitum ákærða og að hann og Sveinn hafi verið undir áhrifum áfengis, en Sveinn þó mun meira. Hilmar Steinhórnsson kveðst aftur á móti ekki hafa veitt þeim ákærða og Sveini nokkra athygli, þó segist hann hafa séð, að Sveinn var óstyrkur á fótum, en taldi það stafa af meiðslum. Magnús Júlíus spurði ákærða, hvort hann væri undir áhrifum áfengis, og segir ákærða hafa svarað eitthvað á þá leið, að honum kæmi það ekki við, en ákærði segist eigi muna, hverju hann svaraði. Var ákærði beðinn að biða á slysstaðnum, þar til lögregluþjónar kæmu á vettvang, og honum tjáð, að bifreiðin R 1042 hefði oltið út af veginum, þegar hann ók fram með henni. Sinnti hann þessu engu, en fékk far til bæjarins ásamt Sveini með vörubifreiðinni R 2539, en henni ók Ólafur Jón Sigurjónsson bifreiðarstjóri, skála 34 í Laugarnescamp, 24 ára að aldri. Skýrir hann svo frá, að hann hafi verið á leið upp að Rauðhólum, er hann kom að bifreiðinni R 3174. Hafi ákærði þá beðið hann að aka þeim Sveini til bæjarins. Varð Ólafur Jón við þessari beiðni, því að honum virtist Sveinn vera slasaður á höfði, og ók þeim að Hátúni 9, þar sem þeir fóru úr bifreiðinni. Ekki kveðst Ólafur Jón hafa séð áfengis-

áhrif á ákærða eða fundið vinlykt úr vitum hans, enda átti hann þarna aðeins tal við ákærða í gegnum hliðarglugga bifreiðarinnar, og á leiðinni til bæjarins stóð hann aftan á palli hennar, en Sveinn sat inni í stýrishúsinu.

Vitnið Bjarni Óskar Guðmundsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 63, 38 ára að aldri, skýrir svo frá, að það hafi verið á leið til bæjarins í vörubifreiðinni R 1939, þegar menn þeir, er stóðu á palli bifreiðarinnar R 1333, gáfu því merki um að nema staðar. Kveðst vitnið þá hafa hægt á ferð bifreiðar sinnar og ekið rakleitt fram fyrir R 1333 og stanzað þar vinstra megin á akbrautinni. En í sama mund og það ók fram með bifreiðinni R 1333, hafi það heyrt hljóðmerki frá bifreiðinni R 3174 og henni ekið talsvert hratt fram með bifreið vitnisins og oltið á hliðina hægra megin út af veginum. Kveðst vitnið hafa fundið vinþef úr vitum kærða, en segist ekki hafa getað merkt á honum áfengisáhrif. Aftur á móti hafi Sveinn verið drukkinn.

Hjá Hátúni 9 skildu þeir ákærði og Sveinn, sem fór og keypti sér áfengi í áfengisverzluninni. Gerðist hann mikið drukkinn og var síðar handtekinn, er hann var staddur hjá slysstaðnum. Ákærði fór aftur á móti inn til sin og hitti þar konu sína, Svanhildi Ragnheiði Sigurðardóttur, sem kveður ákærða hafa beðið um kaffi, en hún hafi svarað honum hranalega, þar eð hann hafði farið á skóhlífum inn á nýbónað gólf, og hafi hann þá farið aftur út. Ekki kveðst hún hafa veitt honum nokkra sérstaka athygli og hvorki séð á honum áfengisáhrif né fundið vinþef úr vitum hans.

Eftir þetta fór ákærði inn í íbúð Hákonar Sumarliðasonar, starfsmanns í Kassagerð Reykjavíkur, 27 ára að aldri, en hann býr einnig á Hátúni 9. Kveður ákærði sig minna að hafa sagt Hákon frá því, að bifreið hans hafi oltið, en Hákon minnst þess eigi og segir þá aðeins hafa heilsað, en engin önnur orðaskipti hafi farið á milli þeirra, enda hafi hann strax farið aftur út til að kaupa mjólk. Hákon kveðst hvorki hafa séð áfengisáhrif á ákærða né fundið áfengislykt úr vitum hans og honum hafi eigi virzt ákærði vera öðru vísi en hann átti að sér að vera, enda hafi hann enga sérstaka athygli veitt honum.

Ákærði fór nú upp að bifreiðaverkstæðinu Stilli við Laugaveg og hringdi þaðan á Litlu-bílastöðina og bað um leigubifreið. Vitnið Þorkell Sigurðsson bifreiðarstjóri, Bragagötu 27, 22 ára að aldri, sem hefur unnið eið að framburði sínum, skýrir svo frá, að það hafi ekið ákærða frá bifreiðaverkstæðinu Stilli og að bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar. Hafi ákærði tjáð vitninu, að hann hefði ekið bifreið sinni út af veginum inn við Elliðaár, og ætlaði að reyna að fá kranabifreið til að ná henni upp. Orsök þessa hefði verið sú, að tvær bifreiðar hefðu verið stöðvaðar hlið við hlið fyrir framan bifreið hans, þar sem hún var í akstri, en nokkru fyrir ofan þenna

slyssað hefði annarri bifreið verið ekið út af veginum. Ók vitnið ákærða því næst að bifreiðaverkstæði Ketils Jónassonar við Klapparstíg og svo þaðan inn á Barónsstíg, þar sem ákærði átti tal við einhverja rafmagnsmenn, því næst að áhaldahúsi bæjarins og svo inn á Nóatún, en þar fór ákærði úr bifreiðinni og kveðst ætla að hitta mann þann, er með honum var, er slysið skeði. Kom ákærði að vörmu spori aftur, kvaðst ekki hafa hitt manninn, lét aka sér inn á Laugarnesveg 67 og fór þar úr bifreiðinni, en það vitnið að færa fyrrgreindum Katli lykilinn að benzintanki bifreiðarinnar. Ekki hitti það Ketil, svo að það fór aftur með lykilinn inn á Laugarnesveg til ákærða. Vitnið kveður ákærða hafa haft orð á því, að hann hafi eigi tilkynnt lögreglunni slysið, því að hann væri lítills háttar undir áhrifum áfengis. Og er það hafi spurt hann, hvernig á því stæði, að hann æki bifreið þannig á sig kominn, hefði ákærði sagzt oft hafa ekið bifreið með áhrifum áfengis og verið það undanfarna daga, en ekkert komið fyrir sig. Þá hefði ákærði tjáð því, að hann væri búinn að drekka mikið edik og þar af leiðandi mundi ekki sjást mikið vín á honum. Ekki kveðst vitnið vera fullvisst um, hvort það hafi fundið vinlykt úr vitum ákærða eða að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, en því virtist framkoma hans vera einkennileg.

Ákærði hefur neitað því að hafa tjáð vitninu, að hann hafi oft ekið bifreið með áhrifum áfengis og verið með vini, er slysið skeði. Þá kveðst hann ekki minnast þess að hafa tjáð vitninu, að hann vildi ekki tilkynna lögreglunni slysið, sökum þess að hann væri undir áhrifum áfengis, og segir, að hafi hann sagt þetta, þá hafi hann gert það af misgáningi vegna þess, að hann hafi orðið eitt-hvað ruglaður eftir slysið. Þá kveður ákærði það rangt, að hann hafi tjáð vitninu, að hann hafi drukkið edik, en í réttarhaldi því, er þeir ákærði og vitnið voru samprófaðir, kvaðst hann hafa drukkið sýrublöndu hjá Hákoní Sumarliðasyni, en hann segist ekki hafa orðið var við, að matur eða drykkjarföng hafi verið snert á heimili sínu, meðan hann var að sækja mjólkina, en ákærði var farinn á brott úr íbúð hans, er hann hafði lokið við mjólkurkaupin. Þá kveðst Hákon enga sýru eiga, en hvort edik hafi verið til á heimili hans, segist hann ekki vita. Er ákærði hafði heyrt framburð Hákonar, kvaðst hann hafa drukkið sitrónusafa, er verið hafi í bolla upp í skáp, en Hákon kveður vel geta verið, að sitrónusafi hafi verið þar, enda eigi hann iðulega sitrónur heima hjá sér.

Vitnið Eiríkur Hjörtur Sigurður Gröndal verkstæðisformaður hjá Agli Vilhjálmssyni hf, Rauðarárstíg 9, 40 ára að aldri, hefur borið það, að fimmtudaginn 28. marz, milli klukkan 5 og 6 um eftirmiðdaginn, hafi því verið tjáð, að maður nokkur hefði hringt í miklum ákafa til þess, en það hafði verið fjarverandi nokkra stund. Rétt í þessu hafi ákærði hringt til þess að nýju og sagzt vera búinn að

hringja oft og beðið vitnið um að aðstoða sig við að sækja bifreið sína, en hún hefði oltið skammt frá Elliðaánum. Þar sem vitninu virtist ákærði vera æstur og einkennilegur í máli, sagði það honum að koma til sín og svo skyldu þeir fara og ná í bifreiðina. Litlu síðar hafi Valdimar Sveinbjörn komið og skýrt frá slysinu og hafi vitnið þá lofað honum að sækja hans bifreið fyrst. Áður en vitnið lagði af stað að slysstaðnum, kom ákærði og sagði það honum að bíða eða koma aftur að klukkustund liðinni. Vitnið kveðst hafa fundið sterka áfengislykt úr vitum ákærða, en ekki geta fullyrt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, þó að það telji svo muni vera.

Vitnið Ketill Hliðdal Jónasson bifreiðaviðgerðarmaður, bróðir ákærða, 27 ára að aldri, kveður ákærða hafa komið til sín á bifreiðaverkstæði sitt við Klapparstig um klukkan 6 e. h. Hafi það verið að festa vél í bifreið og legið undir henni og minnst þess ekki að hafa séð framan í ákærða, meðan þeir ræddu saman. Kveðst vitnið ekki hafa heyrt neitt óeðlilegt við mæli hans og hann að engu leyti komið því einkennilega fyrir. Bað ákærði það að aðstoða sig við að sækja bifreiðina R 3174 og lofaði það að vera komið að slysstaðnum 20 til 30 mínútum síðar. Var ákærði þá eigi staddur þar, svo vitnið fór við svo búið aftur til bæjarins, enda tjáðu lögregluþjórnar því, að ákærði mundi vera valdur að slysinu fyrir ofan Elliðaárnar. Næsta morgun kveðst vitnið svo hafa hitt ákærða á Laugarnesvegi 67 og ekki getað séð þess nokkur merki, að hann hefði verið ölvaður kvöldið áður eða um nóttina, en ákærði hefði kvartað um meiðsli vegna mars. Þá kveðst vitnið hafa minnzt á slysið í brekkunni fyrir ofan Elliðaárnar, en ákærði hefði ekki kannast við að vita til þess, að hann væri valdur að því.

Vitnið Sveinn Jónsson áhaldavörður, Hrisateigi 21, 56 ára að aldri, kveður ákærða hafa komið til sín og beðið sig um aðstoð til að sækja bifreiðina R 3174. Segist vitnið hafa setið við skrifborð sitt, aðeins séð ákærða yfir öxl sér og veitt honum mjög litla athygli. Kveðst það hvorki hafa séð áfengisáhrif á honum né fundið áfengislykt úr vitum hans. Meðan vitnið og ákærði áttu tal saman, kom fyrrgreindur Ólafur Jón Sigurjónsson, sem nú hafði frétt um slysið í brekkunni fyrir ofan Elliðaár. Spurði Ólafur Jón ákærða, hvort hann hefði gefið sig fram við lögregluna, en hann kvaðst þá ekkert um slys þetta vita og fór burt með þeim ummælum, að hann ætlaði að fara heima leið til lögreglunnar. Ekki kveðst Ólafur Jón heldur hafa séð áfengisáhrif né fundið vinlykt úr vitum hans þarna.

Vitnið Margrét Bjarnfriður Þorsteinsdóttir, Laugarnesvegi 67, móðir ákærða, kveðst hafa komið heim til sín klukkan langt gengin 8 e. h. fimmtudaginn 28. marz s. l., og hafi ákærði þá legið fyrir. Gaf það honum kaffi, en hann tjáði því, að hann hefði ekið bifreið sinni út af vegi. Er það spurði hann, hvort hann hefði verið drukkinn, svaraði hann því neitandi. Kveðst vitnið engin áfengisáhrif hafa

séð á ákærða og ekki tekið eftir, að nokkur vinlykt væri úr vitum hans. Það segir ákærða hafa kveinkað sér eitthvað, verið hálf ringlaðan og morguninn eftir sagzt vera óglatt.

Lögregluþjónarnir Kristján Vattnes Jónsson, Magnús Vigfús Sörensen, Einar Ásgrímsson og Konráð Ingimundarson fóru að slysstaðnum. Í bifreiðinni R 3174 fannst meðal annars áfengisflaska með vinblöndu á. Þá kveða lögregluþjónarnir, að mátt hafi sjá þess ógreinileg merki á veginum, að bifreiðarnar hafi dregizt saman nokkurn spotta, áður en bifreiðin R 1042 fór út af veginum og valt á hliðina, þar sem hæst er niður af honum, eða um 7 metrar, eins og sést á uppdrætti lögreglunnar, rskj. nr. 2, og uppdrætti Jóns Viðis mælingamanns, rskj. nr. 4, en allir, sem um geta borið, telja uppdrætti þessa rétta. Lögregluþjónarnir Konráð Ingimundarson og Einar Ásgrímsson kveða felguna á einu af vinstri afturhjólum bifreiðarinnar R 3174 hafa verið beyglaða, og má sjá það greinilega á mynd, sem tekin var af hjólum bifreiðarinnar, rskj. nr. 8, að hún hefur orðið fyrir miklu höggi. Ákærði kveður ekkert hafa verið athugavert við hjólfelgurnar vinstra megin á bifreiðinni, svo að hann hafi vitað til.

Ákærði hefur borið það, að hemlar bifreiðarinnar R 3174 hafi ekki verið í góðu lagi, því að hann hafi þurft að stiga tvisvar til þrisvar á fóthemilinn til þess að hann verkaði.

Jón Sigursteinn Ólafsson, forstöðumaður bifreiðaeftirlits ríkisins, og tveir starfsmenn þess, Gestur Ólafsson og Hjörleifur Jónsson, skoðuðu og reyndu bifreiðina R 3174 30. marz og 2. apríl s. l. Hafa þeir gefið vottorð þess efnis, að bifreiðin hafi að öllu leyti verið í góðu lagi að öðru leyti en því, að hliðarrúður stýrishússins og einnig afturrúðan hafi verið sprungnar, en útsýni til hliðanna þó sæmilegt. Hemlar hafi verið öflugir og verkað ágætlega, en verið frekar þungir í átaki, og kveður Hjörleifur Jónsson, að eigi hafi þurft að stiga nema einu sinni á fóthemilinn, til þess að hann verkaði. Reynt var á Suðurlandsbraut og Vesturlandsvegi að Reynisvatnsvegamótum, hve hratt hægt væri að aka bifreiðinni án hláss. Á láréttum vegi var hægt að aka henni á 30 mílna hraða, miðað við klukkustund á 5. og 4. hraðastigi, en niður brekkurnar hjá Grafarholti og fyrir ofan Elliðaár á 45 mílna hraða, miðað við klukkustund. Þann 9. apríl s. l. skoðaði Jón Ólafsson bifreiðina að nýju og athugaði sérstaklega, hvort ekki sæjust merki eftir árekstur á vinstri hlið bifreiðarinnar. Kveður hann tvær dældir vera í pallbrúninni, en þær virðast þegar hafa verið þar, er slysið varð. Ytri brún hjólfelgunnar á fremra afturhjólínu vinstra megin sé ýfð upp eða inn í hringinn á um 14 cm kafla og rétt þar við sé djúp rispa eða skurður í hjólbarðanum á ská út frá felgunni um 5 cm á lengd, en á vinstra framhjóli sé ekkert óeðlilegt að sjá.

Allir farþegarnir, sem voru í bifreiðinni R 1042, meiddust og voru

fluttir á Landspítalann, þar sem gert var að sárum þeirra, en síðar voru þeir fluttir heim til sín að tveim undanteknum, sem eftir urðu í sjúkrahúsinu. Verður nú greint frá meiðslum þeirra: Einar Hjaltason brotnaði á vinstri læri rétt ofan við hnéð og einnig á vinstri upphandlegg rétt um olnbogaliðinn. Samkvæmt vottorði Gunnars Cortes læknis, gefnu 12. apríl s. l., varð að spengja lærlegginn, til að hægt yrði að setja brotið rétt saman, og kveður hann Einar, sem lá þá á Landspítalanum, eiga langt í land.

Ingimar Jónsson lá á Landspítalanum frá 2% til ¼ 1946. Hefur Gunnar Cortes læknir gefið vottorð þess efnis, að Ingimar hafi verið talsvert „shockeraður“ við komuna í sjúkrahúsið og kvartað um verki í vinstri síðu. Mikil eymsli hafi verið við palp á brjóstkassa vinstra megin, öndun þvinguð og yfirborðsleg. Dálitið hrufllaður á hnúum hægri handar, en engin önnur meiðsli sjáanleg. Röntgenmyndir hafa sýnt fractura costarum.

Samkvæmt vottorði Péturs Jakobssonar læknis varð Ingi Jónsson fyrir þeim meiðslum, að hryggjindur brotnaði hægra megin á lendarlið og mikil blæðing hafi verið í holdi út frá vinstra nýra.

Axel Blöndal læknir hefur stundað þá Björn og Þorgeir Þorkelsyni. Samkvæmt vottorðinu, er læknirinn gaf 8. maí s. l., telur hann Þorgeir ekki munu vera vinnfæran um óákveðinn tíma, en Björn segir hann hafa verið óvinnufæran í hálfan mánuð vegna tognunar í hálsvöðvum og áverka, er hann fékk á vinstra gagnauga. Í umsögn röntgendeildar Landspítalans varðandi meiðsli Þorgeirs Þorkelssonar segir, „að beinstykki hafi sprungið úr tuberculum majus og að sprunga liggi niður í epifysuna, en smá ójöfnur séu einnig á liðbrúnum í tibia.“

Úlfar Þórðarson læknir hefur gefið eftirfarandi vottorð um meiðsli Jóns Jónssonar. „Þann 2% 1946 slasaðist Jón Jónsson, 67 ára, Grettisgötu 36, í bilslysi og hlaut eftirfarandi áverka:

- 1) Commotio cerebri (heilahristing) allmikinn (uppköst í 4 daga).
- 2) Skurð á báðar varir, saumað með 5 saumum.
- 3) 3 tennur brotnar (2 úr neðri góm, 1 úr efri góm).
- 4) Skurður 3 cm á v. fæti.
- 5) Slæmt mar og tognun á h. öxl.
- 6) Skráma milli augnanna.

Ástand hans sémilegt eftir atvikum, en þó enn þá mikill svimi og höfuðverkur. Ekki hægt að gefa upp ákveðið, nær hann verður vinnufær.“

Samkvæmt vottorði Karls Jónassonar læknis fékk Haukur Nielsen heilahristing og skarst neðan við hægra auga. Var honum ráðlagt að liggja í 7—10 daga.

Erling Valdimarsson kveðst hafa fengið snert af heilahristing, tognað um vinstra hné og marizt nokkuð á vinstri öxl og mjöðm. Segist hann hafa legið rúmfastur á heimili sínu í rúma viku.

Með of hröðum og ógætilegum akstri hefur ákærði orðið valdur að framangreindum umferðaslysum, en ekki þykir sannað gegn eindregnum mótmælum ákærða og með tilliti til framburðar Sveins Jónssonar, að hann hafi orðið var við, er bifreiðarnar rákust saman og R 1042 fór út af veginum. Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febr. 1940, 2., 4. og 5. mgr. 26. og 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 og 3. mgr. 4. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941. Með því að hverfa burt af slysstaðnum, án þess að skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, hefur ákærði gerzt brotlegur við 29. sbr. 38. gr. bifreiðalaga, 9. sbr. 14. gr. umferðarlaga og 37. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.

Með framburði Sveins Jónssonar og eigin játningu ákærða er sannað, að hann hafi nýtt áfengis við bifreiðarakstur, en einnig þykir framkomnar nægilegar sannanir fyrir því, að ákærði hafi ekið bifreiðinni með áhrifum áfengis, þegar litið er á akstursmáta hans, það háttalag hans að hverfa burt af slysstaðnum og gefa sig eigi fram við lögregluna og með tilliti til framburða framangreindra vitna, sem kveða hann hafa verið með áfengisáhrifum, en þau höfðu bæði betri aðstæður til að dæma um þetta og höfðu enga ástæðu til að draga úr þessu, eins og flest þeirra, er segjast ekki hafa getað séð áfengisáhrif á honum. Hefur ákærði því einnig gerzt brotlegur við 1. mgr. 23. sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 1. mgr. 21. sbr. 3. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935.

II.

Miðvikudaginn 1. maí s. l. um kl. 3 e. h. var Roy Ófeigur Breiðfjörð bifreiðarstjóri, Spítalastíg 8, 22 ára að aldri, á leið upp að Árbæ í bifreið, sem Guðmundur Guðmunds Sigurjónsson bifreiðarstjóri, Njálsgötu 110, 26 ára að aldri, ók, til þess að lita eftir benzín- og oliubirgðum, er Sverrir Júlíusson útgerðarmaður á, en birgðir þessar voru áður eign ameríska herliðsins. Á Suðurlandsbrautinni mættu þeir bifreiðinni R 3174, en á vörupalli hennar voru 19 tunnur af traktorolíu og 17 smurningsolíubrúsar. Virtist þeim þetta vera af fyrrgreindum birgðum, svo að þeir sneru við og fóru að Hátúni 9, en þangað hafði bifreiðinni R 3174 verið ekið. Áttu þeir tal við ákærða, sem þeir segja, að hafi tjáð þeim, að hann hefði komið með oliubirgðir þessar sunnan með sjó, þar sem hann ætti benzín og olíu, en farið þessa leið til bæjarins, því að hann hefði þurft að koma við í Sogamýri. Þar sem þeir voru nú ekki vissir um, að ákærði hefði tekið af birgðunum uppi hjá Árbæ, óku þeir þangað upp eftir og sáu strax, að tekið hafði verið af þeim, og einnig voru þar greinileg hjólför eftir bifreiðina R 3174. Fóru þeir því aftur að Hátúni 9 og sáu, hvar ákærði fór upp á vörupall bifreiðarinnar, opnaði eina tunnuna og byrjaði að sjúga upp úr henni

gegnum slöngu. Kveður Roy Ófeigur ákærða hafa boðið bifreiðarstjóra nokkrum, er þarna var, traktorolíu til kaups, kveðið hana vera ágæta og hann hefði notað hana í allan vetur. Þá hafi Roy Ófeigur sagt við ákærða, að þetta myndi verða kært, ef hann færi ekki með oliuna aftur upp að Árbæ, en þessu hefði ákærði neitað, og því hefði hann farið á lögreglustöðina og skýrt frá málavöxtum.

Lögregluþjónarnir Þórður Kárasón og Guðbrandur Ágúst Þorkelsson fóru að Hátúni 9, en þá var hvorki ákærði þar né bifreiðin. Fregnuðu þeir, að hún væri hjá bifreiðaverkstæðinu Stilli við Laugaveg. Fengu þeir Hákon Sumarliðason, sem verið hafði með ákærða, að sækja tunnurnar, til að aka bifreiðinni að lögreglustöðinni. Er þangað kom, var ákærði staddur þar, drukkinn og með áverka í andlitinu. Kærði hann yfir því, að hann hefði verið sleginn og bar sig illa. Var ákærði fluttur í fangahúsið við Skólavörðustíg, þar sem ekki reyndist mögulegt að taka af honum skýrslu vegna ölvunar, en farið var með öliutunnurnar aftur upp að Árbæ.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að Sveinn Jónsson, Miðtúni 50, hafi fyrir all löngu tjáð sér, að fyrir ofan Árbæ væri mikið af benzini á tunnum, sem herinn hefði skilið eftir og hinir og þessir væru að taka af, og hefði Sveinn enn að nýju haft orð á þessu nokkru fyrir 1. maí s. l. Kveður Sveinn það rétt, að hann hafi haft orð á því, að benzínbirgðir væru fyrir ofan Árbæ, en neitar því eindregið að hafa sagt, að öllum væri heimilt að taka af þeim, enda hafi honum aldrei komið slíkt til hugar.

1. maí s. l. kveðst ákærði svo hafa farið upp að Árbæ og sótt þangað framangreindar öliutunnur og smurningsoliubrúsa. Fékk hann Hákon Sumarliðason til að aka bifreiðinni R 3174, en þeir Jón Þorbergur Haraldsson og Guðmundur Ragnar Einarsson, stúpsonur ákærða, fóru með þeim. Simon Þorgeirsson járnsmiðanemi, Grenimel 33, slóst einnig í förina með þeim, en hann hitti þá á leiðinni þangað upp eftir. Ákærði segir, að það hafi orðið að samkomulagi, að þeir Hákon og Jón Þorbergur fengju tvær til fjórar tunnur af traktorolíunni. Þessu hafa þeir neitað og segja ákærða aðeins hafa haft orð á því, að þeir gætu fengið eina tunnu. Þá segir ákærði, að þeir Jón, Hákon og hann hafi talað um það sín á milli, að herinn hefði skilið tunnur þessar eftir og hverjum manni væri heimilt að slá eign sinni á þær, og hafi Jón Þorbergur sérstaklega verið fastur á þeirri skoðun.

Bæði Hákon og Jón hafa neitað því, að þeim hafi verið kunnugt um, að ákærði hefði tekið öliutunnurnar í heimildarleysi. Kveðst Hákon hafa innt ákærða eftir því, hvort hann ætti tunnurnar, er verið var að setja farminn á bifreiðina, en sjálfur kveðst hann aðeins hafa ekið henni og ekki hjálpað til að setja tunnurnar upp á bifreiðina, þar sem hann megði ekki reyna á sig. Hafi ákærði sagt, að enginn ætti þetta, herinn hefði skilið það eftir og öllum frjálst

að taka af því, þetta væri gert á sína ábyrgð, og Hákon skyldi bara aka bifreiðinni.

Jón Þorbergur Haraldsson, 27 ára að aldri, kveðst ekkert hafa vitað, hver átti oliuna, ekkert spurt um það og ekki heyrt ákærða hafa orð á því, að herinn hefði skilið tunnurnar eftir og enginn ætti þær. Kveðst hann hafa haldið sig vera að vinna venjulega verkamannavinnu og taldi sér bera helgidagakaup fyrir starfann, þar sem hann var unninn 1. maí.

Guðmundur Rafnar, 20 ára að aldri, kveðst ekki hafa vitað um, hver ætti oliuna, hvorki heyrt ákærða né Jón Þorberg minnast á það, og verið ókunnugt um, að hún væri tekin í heimildarleysi. Hákon hafi reyndar tjáð honum, að ákærði hefði sagt, að herinn hefði skilið oliuna eftir og enginn ætti hana.

Simon Þorgeirsson, 23 ára að aldri, kveður ákærða hafa sagt sér, að herinn hefði skilið oliuna eftir og hver, sem vildi, mætti hirða hana.

Vitnið Kristján Rafn Hjartarson, iðnnemi, Ásvallagötu 71, 20 ára að aldri, hefur borið það, að hann hafi komið í bifreið að Hátúni 9 1. maí s. l. og ætlað að hitta kunningja sinn Guðmund Rafnar. Var ákærði þá staddur þar hjá bifreiðinni R 3174 talsvert drukkinn. Það hann ákærða að láta sig fá benzin á bifreið sína, þar sem benzínafgreiðslur voru lokaðar á þessum tíma. Opnaði ákærði þá eina af jarðoliutunnunum og saug upp úr henni gegnum slöngu, en Kristján Rafn vildi ekki blöndu þessa. Ekki kveður hann ákærða hafa minnst á að hafa notað traktorolíuna í allan vetur. Eftir að Roy Ófeigur hafði farið frá ákærða, en Kristján kveðst ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli, það ákærði hann að aka bifreiðinni fyrir sig upp að Stilli og þar bak við húsið, og varð hann við þeirri bön hans. Segir Hákon Sumarliðason, að ákærði hefði fyrst beðið sig um það, en hann neitaði því, þar eð hann grunaði, að ekki væri allt með felldu og ákærði hefði ekki haft heimild til að taka oliuna. Kveðst ákærði hafa farið upp að Stilli til að fá að hringja þar á lögreglustöðina og fá vitneskju um, hver ætti oliuna, og einnig kveðst hann hafa ætlað að skipta um rafmagnsgeymi í bifreiðinni. Tókst hann þar á við einhvern ölvaðan mann, en hvernig því lyktaði, kveðst Kristján Rafn eigi vita, þar eð hann fór strax burtu.

Framburður ákærða um þetta atriði hefur verið mjög á reiki, enda hefur hann viðurkennt að hafa verið áberandi ölvaður og ekkert munað eftir, hvað hann sagði við Roy Ófeig, er hann átti tal við hann í síðara skiptið hjá Hátúni 9. Í fyrstu skýrði hann þannig frá, að er hann steig út úr bifreiðinni, hefði Hjalti Benediktsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 12, ráðið fyrirvaralaust á sig og barið sig, svo að hann hlaut mikinn áverka á vinstra auga. Hafi hann við þetta stungið höndunum í buxnavasana, en þá hefði Hjalti barið hann þrjú til fjögur högg, svo að hann féll í götuna, en í

Þessu hafi bifreið borið þarna að, sem honum var ekið í að lög-reglustöðinni. Síðar er ákærði hafði heyrt framburð Hjalta Benediktssonar, kvað hann drukinn mann hafa ráðizt á sig, en hann ekkert tekið á móti honum og beðið Kristján Rafn að losa sig við hann. Er hann hafi svo verið að ganga frá bifreiðinni, hefði Hjalti ráðizt á sig og slegið sig, en drukni maðurinn þá verið farinn burtu.

Hjalti Benediktsson, 30 ára að aldri, hefur borið það, að hann hafi séð í gegnum glugga í skrifstofu h/f Stillis, hvar ákærði var að hrinda dauðadruknum manni, sem reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér, en farizt það heldur óhönduglega. Hafi hann því farið og ætlað að skilja menn þessa, en ákærði hafi þá ráðizt að honum og slegið hann högg í hnakkann, svo að hann féll við, en ekkert meiðzt, staðið upp og beðið ákærða að láta ekki svona. Ákærði hefði svarað illindum einum, haldið árásinni áfram, svo að hann sló ákærða högg á hökuna, en við það hafi hann fallið á aurbretti bifreiðar, er þar var, enda hafi hann verið áberandi ölvður. Kveðst Hjalti hafa farið burt í bifreið, en ákærði komið hlaupandi á eftir.

Vitnið Karl Alfreð Hansen bifreiðarstjóri, Laugaveg 163, 25 ára að aldri, kveðst hafa ekið niður Laugaveg 1. maí s. l. Hafði ákærði þá komið hlaupandi og beðið um, að honum yrði ekki ekið að lögreglustöðinni, og varð vitnið við þessari beiðni hans. Kveður vitnið ákærða hafa verið með glóðarauga, en ekki séð hann eiga í erjum við nokkurn mann.

Olgeir Gunnar Jónsson verzlunarmaður, Bárugötu 34, 44 ára, sem séð hefur um sölu á oliubirgðum Sverris Júlíussonar, kveður traktoroliuna vera í 200 ltr. stáltunnum, sem seldar séu á 40 til 50 kr. tunnan (með umbúðum), eftir því, hversu mikið magn er keypt í einu. Smurningsolian, sem er ónotuð, sé á brúsum, en af henni hafi ekkert verið selt, og því sé honum ókunnugt um verð hennar. Hefur ekki tekizt að upplýsa það.

Með framangreindri háttsemi sinni, tóku oliunnar, áberandi ölvun og ryskingum á almannaferi, hefur ákærði gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, 18. sbr. 38. gr. áfengislaga og 3. og 7. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

III.

Aðfaranótt mánudagsins 20. maí s. l., um kl. 1, var Lárus Salómonsson lögregluþjónn á ferð í lögreglubifreið í Hafnarstræti. Sá hann þá, hvar ákærði var staddur þar með böggul undir hendinni í sundi milli húsanna nr. 19 og 20. Er ákærði kom auga á lögreglubifreiðina, gekk hann eftir sundinu í áttina að Tryggvagötu, en Lárus ók þangað, kom á móti ákærða og hitti hann í sundinu, þar sem ákærði hafði komið bögglinum fyrir bak við kassa. Handtók Lárus ákærða þarna, en hann stýpaðist á móti, svo að leggja varð hann í götuna. Kveður hann ákærða margsinnis hafa boðið sér

peninga, og sagzt skyldu borga það vel, ef hann vildi sleppa sér. Hafði ákærði ekki nema rúmar 50 krónur meðferðis og kveðst sökum ölvunar ekki minnast þess að hafa boðið lögregluþjóninum fé til að sleppa sér. Jóel Kristinn Sigurðsson lögregluþjónn kom svo Lárusi til hjálpar, en heyrði ekki orðaskipti hans við ákærða. Þeir lögregluþjónarnir færðu svo ákærða, sem þeir kveða hafa verið talsvert drukkin, á lögreglustöðina, þar sem hann var settur í varðhald.

Ákærði skýrir svo frá, að sunnudaginn 19. maí s. l., milli klukkan 6 og 7 síðdegis, hafi hann keypt tvær flöskur af brennivíni af einhverjum manni, sem hann þekkir ekki. Neytti hann áfengis þessa inni í veitingastofunni Gullfoss í Hafnarstræti og kveðst hafa gerzt svo ölvaður, að hann muni mjög óljóst eftir því, sem skeði. Hann segist allt kvöldið hafa verið eins síns liðs ýmist inni í veitingastofunni eða á gangi í Hafnarstræti. Einhvern tíma um kvöldið kveðst hann hafa verið að flækjast inni í eldhúsi veitingastofunnar og þá farið inn í kompu bak við eldhúsið. Þar segist hann hafa tekið tvær yfirhafnir, svartla gúmmiregnkápu og ljósan taufrakka, nokkrar jólakökur og eitthvert annað kaffibrauð. Fór hann síðan með þetta út í Hafnarstræti og kveðst munu hafa ætlað að ná í leigubíreið, er hann var handtekinn.

Framangreindir munir hafa verið afhentir eigendunum, sem kveða taufrakkann vera 3 til 4 ára gamlan, til þess að gera nýhreinsaðan, og hafa kostað 80 til 90 kr., regnkápu hafa verið dregna á hlutaveltu og kaffibrauðið, talsvert af smákökum og 5 til 6 jólakökur, er kosta kr. 6.50 stykkið, hafa verið algerlega ónýtt.

Ósannað þykir, að ákærði hafi boðið Lárusi Salómonssyni fé til að sleppa sér, og ber því að sýkna hann af kærinni um brot gegn 12. kafla almennra hegningarlaga. Hefur ákærði með háttsemi þeirri, er nú hefur lýst verið, gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga og 17. sbr. 1. mgr. 37. gr. áfengislaga.

IV.

Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Rétt þykir, að gæzluvarðhaldsvist hans frá 20. maí s. l. komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga og samkvæmt 1. mgr. sömu greinar, 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann ævilangt rétti til að stýra bifreið.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 200.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 20. maí 1946 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann er frá sama tíma ævilangt sviptur rétti til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1946.

Nr. 137/1946. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-
sjóðs og gagnsök (Hrl. Einar B. Guðmundsson).**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-
björnssonar.

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. okt. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. s. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 3. þ. m. hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. þ. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svö krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.